

Nr. 038 / 09 Erling KE 140 og Diddi GK 56**Árekstur út af Hólmsbergi**

Erling KE 140

Skipaskr.nr. 233

Smíðaður: Florö Noregi 164, Stál

Stærð: 252,2 brl. 366,5 bt.

Mesta lengd: 40,09 m Skráð lengd: 36,95 m

Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,05 m

Vél: Deutz 1163 kW, 1982

Fjöldi skipverja: 11



Erling © Guðmundur St. Valdimarsson . LHG

Diddi GK 56

Skipaskr.nr. 7427

Smíðaður: Hafnarfirði 1995, plast

Stærð: 7,5 brl. 6 bt.

Mesta lengd: 8,92 m Skráð lengd: 8,48 m

Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,75 m

Vél: Perkins 154 kW 1999

Fjöldi skipverja: 2



Diddi © Hafbór Hreiðarsson

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. apríl 2009 var Erling KE 140 á útleið frá Ytri-Njarðvík og Diddi GK 56 á landleið til hafnar í Keflavík. Veður: Hægviðri og gott skyggni.


Þegar skipin voru stödd skammt austur af Hólmsbergi rákust þau saman með þeim afleiðingum að sprunga kom á bakborðs bóg Didda GK en engar skemmdir urðu á Erling KE. Eftir að skemmdir og ástand hafði verið kannað hélt Erling KE áfram á miðin en Didda GK var siglt til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnandi Erlings KE, sem var yfirvélstjóri með 200 brl. skipstjórnarréttindi, kvaðst hafa fylgst með Didda GK um tíma og talið að hann myndi víkja. Hann hafði ratsjá í gangi en kvaðst ekki hafa séð bátinn í henni. Hann kvaðst hafa reynt að kalla á bátinn í talstöð og kveikt á kastara skömmu áður en bátarnir rákust saman. Hann hafði minnkað ferð

og taldi bátinn vera orðinn ferðlítinn en ekki breytt stefnu. Hann notaði ekki flautu bátsins;

- að samkvæmt STK kerfi var Erling KE á 6,7 hnúta hraða og á stefnu r/v 347° en Diddi GK á 7,9 hnúta hraða og stefnu 135° við áreksturinn (*sjá mynd*);
- að stjórnandi Didda GK kvaðst ekki hafa orðið var við ljós frá ljóskastara fyrir en eftir atvikið;
- að stjórnandi Didda GK kvaðst hafa verið að færa afladagbók og ekki fylgst með siglingunni og ekki orðið var við Erling KE. Hann gat ekki sagt hvað langur tími leið frá því að hann hafði síðast litið eftir siglingunni. Hann kvaðst hafa verið með kveikt ljós í stjórnþalli;
- að stjórnandi Erlings KE sagði einu ljósin sem hafi sést hafi verið grænt hliðarljós og toppljós;
- að ekki var ratsjá um borð í Didda GK.



Nefndarálit:

Orsök atviksins er vítaverð varðstaða um borð í Didda GK.

Nefndin bendir einnig á að stjórnandi Erlings KE hefði átt að grípa til frekari úrræða til að forða árekstri í tíma.